

Fundur 2.10.2023 Hermann Gunnarsson

Komið þið blessuð og sæl, gaman að heyra í ykkur aftur og æfinlega.

*Já velkomin.*

Mikið er alvarlegt yfir ykkur, ég reyni alltaf að skemmta mér og líta á björtu hliðarnar og hef ekki hætt því, ég er nú farinn að nota líkamann meira heldur en ég gerði þegar ég talaði við ykkur síðast og stoltur af þeim framförum sem hafa orðið og æfinlega margt að fást við og mér finnst það svo gaman að ég hef náð...

Eru þið þarna enn þá?

*Já, já.*

Ég datt næstum því út.

*Það var smá truflun hér í hringnum með sambandsmálið.*

Já sambands málin.

Þið eruð með eitthver tæki hér sem eru tengd skynja ég, er það ekki?

*Jú.*

Það er einhver vandræði af því.

*Jú, það varð rafmagnslaus hérna hjá mér tölvan.*

Já eins og í sjónvarpsútsendingu, ég kannast við það, já já, það er vonandi allt að komast í lag.

*Já vonandi.*

Já, ég vildi gjarnan, margir sem muna eftir mér á gömlu jörðinni og vildi bara örlítið koma hér og skila kveðju til þeirra, ég er hérna hlaupandi og mér gengur vel í fótbolta og fleiri íþróttum og vil senda kveðjur til allra ættingja og dætra og það er hér stöðugt eitthvað að gera og við höldum hópinn sem unnum saman fyrstu árin, fyrstu árin við sjónvarp og ýmislegt.

Já ég kom í sambandið fyrir nokkru, og Hermann Gunnarsson.

*Já velkominn.*

Komið þið sæl. Já ég hef nú verið að takast á við ákveðið vandamál og hef gengið vel, Gylfi vinur minn kenndi mér sitt hvað í glimunni við Bakkus, en er búinn að ná miklum árangri aftur í fótboltanum og hef mikið náð tökum á sjálfum mér og öllum þeim námskeiðum.

Þeir fara inn í sálina og kenna manni að takast á við,

Já hér eru fjölmiðlar og ýmisskonar afþreying tónlist og leiklist og ýmislegt og ég hef tekið þátt í því og já það skiptir miklu máli að brosa og skemmta sér og það skiptir miklu máli að halda lífsgleðinni, ég vildi segja öllum, öllum á gamla Íslandi að ég man vel eftir og held í tengslin og reyni að hugsa til ykkar og ættingja afkomenda dætra og lífið er skemmtilegt og ætíð eitthvað nýtt að takast á við og ber mikla virðingu fyrir þeim sem hafa verið með mig hér í meðferðinni.

Millir snillingar og mér finnst ég betur undir það búinn að takast á við þetta líf, hef verið að læra um fjölmiðlafræði og ýmislegt, kem kannski að því síðar og ég þekki hér marga, ég hef kynnst hér mjög mörgum á þessum nýja hnetti og mér finnst það svo merkilegt að fólkið sem ég hafði heyrt um áður og fólkið sem lagði grunninn að starfsemi RUV og margt annað fólk af eldri kynslóðinni,

Það hefur vottað mér hér virðingu og tekið í höndina á mér og hef ég kynnst þeim sóma mönnum og hefur það verið mjög ánægjulegt að heyra frá þeim sögurnar, Jónas Þorbergsson vildi að ég skilaði því að hann hefði gjarnan áhuga á því að koma aftur í sambandið og segja frá einhverju merkilegu í sínu starfi og áhugamálum og fleiri, sonur hans og fleiri og þykir mér mjög vænt um það hvað ég er hér fljótur að kynnast hér fólki og kemur það mér svo á óvart hvað fólkið er unglegt og hresst og fjörugt.

Og það er nú eins í öðrum löndum þessa hnattar að eitthvað er verið að dunda við gömlu fjölmiðlana þótt tæknin sé komin lengra og þætti mér gaman að segja frá því nánar við tækifæri en var mér sagt að ekki kæmi ég öllu að, heldur yrði að einbeita mér að fáeinum atriðum.

Áður en ég kveð ykkur og vil ég að síðustu, reyni að koma síðar, er hér öflugur og hress og fjörugur og laus og liðugur.

Segið dætrunum að hugsa til mín, ég sendi þeim stillilögmálið og það þarf að vera bjartsýnn og halda áfram og stundum, ég næ þessu ekki alveg.

En ég hef verið að keppa við gömlu metin mín og keppa við önnur met sem hér hafa verið sett og árangurinn stundum furðu góður og já það er margs að minnast en verð ég nú kveðja ykkur að sinni, þakka ég fyrir og óska ykkur alls hins besta.

Verið þið sæl..

*Vertu blessaður og sæll og takk fyrir að koma og afsakaðu truflunina.*